


# Brunastigi & Svalir á aðalgötu 19 580 Siglufirði


Sæl verið þið, ég er hér með að sækja um leyfi til að fá að setja svalir á suðurhlíð á aðalgötu 19 á Siglufirði, og brunastiga líka frá 2 hæð niður á svalir.

Ástæðan er sú að það er enginn brunaútgangur í húsinu nema aðalinngangurinn á fyrstu hæð, sem er engan vegin ásættanlegt. Íbúðarhlutinn er á 1 hæð og 2 hæð. Og er þetta hugsun til að leysa það, ásamt því að eiga aðgengi út á verönd til að t.d grilla og annað.




Hérna sést hvað um er verið að tala um sem sagt meðfylgjandi myndir eru annarsvegar lóðaleigusamningur og annarsvegar mynd af suðurhlíð Aðalgötu 19.

Hérna koma svo teykningar af svölunum




Hérna er hliðarmynd

af svölunum



Hérna er ofanmynd af svölunum sem að sýnir grunnramman á svölunum



Hérna kemur svo framan mynd af suðurhlíð hússins.

Á mynd 2:3 eru númer sem ég ætla aðeins að útskýra nánar

Nr 1 er hugsunin hjá mér að setja lítið þrep sem að verður ávalt lóðrétt upp við vegginn nema við notkun, þá er losað splitti sem að gerir það að verkum að þrepið kemur út og verður lárétt og tilbúið til notkunar. Hugsunin með þessu þrepi er ap ef vó steðjar að og fólk kemst ekki út á eðlilegan hátt þá er þrepið hugsað sem fyrsta öryggi til að komast í brunastigann.

Nr 2 þarf að saga niður úr þessum glugga til að koma fyrir svalahurð til að komast út á svalir.

Nr 3 er brunastigi sem að er útdragalegur með einu splitti og er hugsunin að hann þjóni báðum hæðum þegar vó steðjar að, á svölunum verður hlið svo hægt verði að komast í brunastigann. Hérna er svo linkur á svona stiga <https://www.oger.is/is/eldvarnir/flottastigar-neydarstigar>

En nánar um svalirnar þá er hugmyndin að smíða járn ramma úr 160mm skúffu með tilheyrandi styrktar bitum inn á milli. Þær verða svo timburklæddar svo að ekki sjáist í járníð. Verð með 6 stk stoðir undir þeim sem að halda þeim uppi og verða þær úr 100x100 prófið jární sem verður einnig timburklætt til að hylja járníð. Svo verð ég með innlímda 16mm snittteina sem að munu veita svölunum stöðuleika og til að stoppa alla hreyfingu í þeim.

Með fyrir fram þökk

Ragnar Már Hansson

S:865-4922